

## Aðalstjórn Völsungs

dagsetning: 18.2.2020

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Davíð Þórólfsson, Bergþóra Höskuldsdóttir, Björgvin Sigurðsson, Eva Björk Káradóttir, Lilja Friðriksdóttir og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

### 1. Samningamál við Vodafone

Stefán Jón Sigurgeirsson hefur verið í samskiptum við Vodafone um samstarfssamning við félagið. Hann kom á fundinn og fór yfir stöðu mála.

*Aðalstjórn fagnar þeim árangri sem hefur náðst í viðræðum við Vodafone og veitir framkvæmdastjóra umboð til að skrifa undir samninginn eins og hann liggur fyrir.*

### 2. Áframhaldandi samstarfssamningur við Landsbankann til 2 ára

Fyrir fundinum liggur samstarfssamningur við Landsbankann til tveggja ára.

*Aðalstjórn þakka stuðninginn og veitir framkvæmdastjóra umboð til að skrifa undir samninginn eins og hann liggur fyrir.*

### 3. Samstarfs- og styrktarsamningur við Orkuveitu Húsavíkur

Fyrir fundinum liggur samstarfs- og styrktarsamningur til þriggja ára.

*Aðalstjórn þakka stuðninginn og veitir framkvæmdastjóra umboð til að skrifa undir samninginn eins og hann liggur fyrir.*

### 4. Ársþing HSP 14. mars

Ársþing HSP fer fram laugardaginn 14. mars á Þórshöfn. Völsungur þarf að senda 9 fulltrúa á þingið.

*Aðalstjórn Völsungs óskar erfir frekari upplýsingum um styrktarsjóði HSP, verklagsreglur um úthlutanir ásamt upplýsingum um tekjustofna.*

*Völsungur sendir 9 fulltrúa á þingið. Aðalstjórn 4-5 fulltrúa og óskar eftir að deildir félagsins komi með 4-5 fulltrúa.*

### 5. Starfsmerki UMFÍ – ÍSÍ – HSP

HSP óskar eftir tillögum frá Völsungi.

*Aðalstjórn sendi inn tillögu í tölvupósti sem var samþykkt samhljóða.*

### 6. Ósk frá stjórn HSP um stjórnarmann úr röðum Völsungs

Stjórn HSP óskar eftir að Völsungur tilnefni aðila inn í stjórn HSP.

Aðalstjórn Völsungs tilnefnir Heiðu Elínu Aðalsteinsdóttur í stjórn HSP.

7. **Frístundastyrkur – seinnihluti árs 2019**

Búið er að gera upp frístundastyrk sveitarfélagsins fyrir seinni hluta árs 2019.

Deild	upphæð
Blak yngri flokkar	20.000 kr
Fimleikadeild	80.000 kr
Handknattsleiksdeild	10.000 kr
Íþróttaskóli	181.500 kr
Knattspyrna yngri flokkar	510.626 kr
<b>Samtals</b>	<b>802.126 kr</b>

Lagt fram.

8. **Erindi á aðalstjórn frá yfirmanni knattspyrnumála**

Yfirmaður knattspyrnumál sendir inn erindi á Aðalstjórn þar sem hann fjallar um æfingaálag yngri iðkenda félagsins.

*Framkvæmdastjóri og formaður munu funda með þjálfara blakdeildar og yfirmanni knattspyrnumál til að fara yfir stöðuna.*

9. **Fyrirspurn til stjórnar HSP**

Yfirmaður knattspyrnumála sendi inn fyrirspurn á aðalstjórn vegna knattspyrnunámskeiðs sem þjálfarar á vegum knattspyrnuakademíu norðurlands héldu um síðastliðnu helgi.

*Framkvæmdastjóri fylgir málinu eftir og hefur samband við stjórn HSP útaf málinu.*

10. **Blakdeild kemur á fundinn 17:30**

Erla Bjarnadóttir kemur á fundinn fyrir hönd blakdeildarinnar.


Í blakráði eru Erla Bjarnadóttir, Þórunn Harðardóttir (meistaraflokk kvk), Ísak Aðaðsteinsson (meistaraflokkur kk), Ingibjörg Árnadóttir (elítan) og Katrín Guðmundsdóttir (yngri flokkar).

Í fjáröflunarhóp eru Kristján Friðrik og Edda Björg Sverrisdóttir.

*Farið var yfir starf deildarinnar. Aðalstjórn þakkar Erlu fyrir að mæta til fundarins.*

11. **Iðkendatölur um áramótin 2019-2020**

Iðkendatölur um áramótin 2019-2020 liggja fyrir. 612 iðkendur taka þátt í skipulögðu starfi félagsins og skiptist eins og hér segir:



Lagt fram.

**12. Mannvirkjanefnd KSÍ – upplýsingar um míkroplast í gervigrasvöllum**

Mótnægisaðgerðir við míkroplasti í gervigrasvöllum. Lagt fram minnisblað unnið af mannvirkjanefnd KSÍ.

Lagt fram.

**13. Æfingagjöld vorannar eru komin inn í Nora fyrir utan Sunddeild, gerist í vikunni**

Öll æfingagjöld fyrir vorönn eru komin inn í Norakerfið

Kynnt.

**14. Umhirða íþróttavalla**

*Ljóst er að umhirða íþróttavalla og búningsklefa er verulega ábótavant, aðalstjórn leggur áherslu á að eigendi mannvirjanna sjá til þess að úr þessu verði bætt hið fyrsta.*

**15. Fundagerð knattspyrnunefndar**

Fundagerð knattspyrnunefndar frá 3.2.2020.

Lagt fram.

**16. Fundagerð barna- og unglingaráðs**

Fundagerð barna- og unglingaráðs frá 12.2.2020.

*Lagt fram.*

*Aðalstjórn fagnar nýjum formanni barna- og unglingsráðs sem er Linda Hrönn Arnþórsdóttir og þakkar fráfarandi formanni Kristni Jóhanni Lund fyrir sitt framlag.*

**17. Guðrún Kristinsdóttir sendi inn hugmynd til að virkja félagsmenn**

*Formaður og framkvæmdastjóri munu hitta Guðrúnu og fara yfir hugmyndirnar.*

**18. Styrkir til deilda**

Seinni úthlutun aðalstjórnar fyrir árið 2019 dróst vegna óviðráðanlegra orsaka. Samtals greiðir aðalstjórn 1,5 milljónir til deilda félagsins samkvæmt úthlutunarreglum stjórnarinnar.

*Lagt fram.*

**Fundi slitið: 18:50**

